




MYNDLIST:

Haustsýning FÍM á Kjarvalsstöðum

Um þessar mundir stendur yfir á Kjarvalsstöðum Haustsýning FÍM 1980. Fimm myndlistarmenn mynda kjarna sýningarinnar: Ásgerður E. Búadóttir, Guðmundur Benediktsson, Leifur Breiðfjörð, Valtýr Pétursson og Þórður Hall. Á sýningunni eru teikningar, olíumálverk, vatnslitamyndir, pastelmýndir, glermyndir, vefnaður, höggmyndir, grafík og myndir unnar í leir.

Tæplega 70 höfundar sendu inn u.þ.b. 500 verk. Úr þeim valdi sýningarnefnd 120 verk eftir 40 höfunda. FÍM hefur látið prenta

fimm póstkort eftir verkum gesta sýningarinnar, svo og kort sem gerð voru í tilefni sýningar FÍM á verkum Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara á Listahátíð '80. FÍM hefur nú hug á að fjölga styrktarmedlimum sínum og liggur það þ.a.l. frammi á sýningu félagsins.

Annað kvöld kl. 21 verður fram- in gjörningur á sýningunni. Flytjendur eru sex og höfundur er Akureyringurinn Örn Ingi. Nafn verksins er jarðarför verðbólgu- unnar og tekur flutningur tæpan klukkutíma.

TÓNLIST:

Nikkuunnendur í startholunum

Á MORGUN, sunnudag, kl. 15 hefst vetrarstarf Félags harmonikkunnenda með skemmtifundi á Hótel Borg. Verða fundir félagsins í vetur á sama tíma fyrsta sunnudag hvers mánaðar. Veitingar verða seldar á fundunum sem standa til kl. 17 og er öllum heimill ókeypis aðgangur.



Ekkert kynslóðabil hjá nikkuunnendum. Eldri og yngri kynslóðin sameinast í Félagi harmonikkunnenda. Gamalkunnur nikkari, Hafsteinn Ólafsson, og Einar Melax þenja nikkurnar á skemmtifundi félagsins.



Hólmfríður

Elisabet

Guðrún

TÓNLIST:

Tónleikar í Mývatns- sveit og á Húsavík

SÖNGKONURNAR Elisabet Erlingsdóttir og Hólmfríður S. Benediktsdóttir halda tónleika í Skjólbrekku, Mývatnssveit, í dag kl. 15 og í Húsavíkarkirkju á morgun, sunnudag, kl. 16. Við hljóðfærið verður Guðrún A. Kristinsdóttir píanóleikari.

Á efnisskrá tónleikanna eru einsöngs- og tvisöngslög eftir innlenda og erlenda höfunda.

LEIKLIST:

Óvitar aftur á fjalirnar í Þjóðleikhúsinu

Barnaleikrit Þjóðleikhússins, ÓVITAR, eftir Guðrúnu Helgadóttur kemur aftur á fjalirnar nú næstkomandi sunnudag 5. október kl. 15.00. Leikritið var sýnt alls 46 sinnum á síðasta leikári og voru áhorfendur orðnir rúmlega 23 þúsund talsins er sýningum lauk í vor. Er ætlunin að sýna ÓVITA í október og nóvember.

Sýningin á ÓVITUM hefur þótt stórgóð fjölskylduskemmtun þar eð fullorðnir jafnt og börnin geta dregið lærdóm af sögunni um strákinn Finn sem hyggst leysa vanda heimilisins með því að láta sig hverfa. Þá gefur það líka efni leiksins nýstárlegt sjónarhorn að börn leika fullorðna fólkið og fullorðnir leikarar leika börn.

ÓVITAR eru í leikstjórn Brynju Benediktsdóttur, en Gylfi Gíslason gerði leikmyndina og Kristinn Danielsson sá um lýsingu. Með helstu hlut-

verkin fara Sigurður Skúlason, Randver Þorláksson, Saga Jónsdóttir, Halldóra Geirharðsdóttir, Hreiðar Ingi Júlíusson, Margrét Örnólfsdóttir, Hermann Stefánsson, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, Guðrún Glódís Gunnarsdóttir og Benedikt Erlingsson.



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ:

Smalastúlkan og útlagarnir

Sýningar á SMALASTÚLKUNNI OG ÚTLÖGUNUM eftir Sigurð Guðmundsson og Þorgeir Þorgeirsson hefjast að nýju í Þjóðleikhúsinu í kvöld kl. 20.00.

Leikritið var frumsýnt 24. apríl síðastliðinn.

Leikurinn gerist á árunum 1537–1555 og hefst á sögunni af ungum elskendum sem ekki mega eigast. Strangir foreldrar stúlkunnar senda hana í klaustur, en henni tekst að sleppa þaðan og elskendurnir flýja saman til fjalla. Á fjöllum fæðist þeim sonur, en hin unga móðir deyr af barnsförum. Sonurinn elst upp

með útilegumönnum og beinir leikurinn nú athygli okkar að sögu hans er hann kemst í tæri við byggðamenn – og konur.

Leikstjórn er í umsjá Þórhildar Þorleifsdóttur. Leikmynd gerði Sigurjón Jóhannsson og lýsingu annast Kristinn Danielsson. Með helstu hlutverkum fara: Tinna Gunnlaugsdóttir, Árni Blandon, Þráinn Karlsson, Helga Jónsdóttir, Baldvin Halldórsson, Helgi Skúlason, Rúrik Haraldsson, Gunnar Eyjólfsson, Guðrún Þ. Stephensen, Þóra Friðriksdóttir, Arnar Jónsson, Þórhallur Sigurðsson, Röbert Arnfinnsson og Kristbjörg Kjeld.

GALLERÍ LANGBRÓK:

Rúna sýnir leirmyndir og teikningar

RÚNA, Sigrún Guðjónsdóttir, sýnir um þessar mundir verk sín í Gallerí Langbrók í Landlæknishúsinu á Bernhöftstorgu.

Á sýningunni eru leirmyndir og teikningar sem hún hefur unnið á þessu ári. Flestar mynd-

anna eru unnar út frá hugmyndum um landslag.

Sýning Rúnu er sú fyrsta, sem sett er upp í sýningarstofu Langbrókanna á Bernhöftstorgu og er hún opin á venjulegum opnunartíma gallerisins, frá kl. 12–18. Sýningin stendur til 17. þ.m.



Sigrún Guðjónsdóttir við tvö verk sinna á sýningunni í Gallerí Langbrók.



LEIKFÉLAG KÓPAVOGS:

Sýningar hefjast á ný á Þorláki þreytta

LEIKFÉLAG Kópavogs mun hefja leikar sitt með sýningum á gamanleiknum „Þorláki þreytta“ og verður fyrsta sýningin í kvöld og hefst kl. 20.30. Leikstjóri er Guðrún Þ. Stephensen og ljósamaður Lárus Björnsson. Leikið verður eins og áður í félagsheimilinu í Kópavogi. Með aðalhlutverkum fara Magnús Ólafsson sem leikur Þorlák og Sólrún Yngvadóttir sem leikur Ágústa Dormar eiginkonu hans. Sjónvarpið hefur tekið upp kafla úr leiknum.

FÍM-salurinn:

Grafík, vatnslitamyndir og veggteppi

UM ÞESSAR mundir stendur yfir í FÍM-salnum, Laugarnesvegi 112, sýning sænska myndlistamannsins Lars Hofsjö. Á sýningunni eru, auk teikninga af stórum veggskreytingum, vatnslitamyndir, grafík og nokkur veggteppi.

Lars Hofsjö er fæddur í Stokkhólmi 1931. Hann stundaði nám í Konstfack-skólanum '52–'56 og síðan við Listaháskólann í Stokkhólmi. Hann starfar að mestu leyti sjálfstætt, en vinnur þó nokkuð með arkitektum við skreytingar á húsum og eru nokkrar teikningar af tillögum hans á því sviði á sýningunni. Lars Hofsjö hefur haldið fjölda einkasýninga í landi sínu, auk þess sem hann hefur sýnt annars staðar á Norðurlöndum og víðar. Hann var formaður Norræna myndlistarbandalagsins um árabíl, allt til ársins 1979. Sýningin í FÍM-salnum er þakklætisvottur félaga í FÍM fyrir vel unnin störf Lars Hofsjö að félagsmálum norræna myndlistarmanna, en henni lýkur 12. þ.m.